

Forseti Alþingis
Birgir Ármannsson
Alþingi Íslendinga
Reykjavík.


Reykjavík 25. janúar 2022.

Nú stendur yfir undirbúningur að breyttri skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Lilja D. Alfreðsdóttir ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra í nýju ráðuneyti menningar- og viðskipta hefur leitað til undirritaðs til að taka við embætti ráðuneytisstjóra í því ráðuneyti á grundvelli heimildarákvæðis 2. mgr. 36. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um flutning embættismanna milli starfa og láti því af embætti ríkisendurskoðanda.

Um embætti ríkisendurskoðanda gilda lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Þar er m.a. fjallað um kosningu og lausn frá störfum. Um það segir í 19. gr. laganna að ákvæði VI. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildi við þær aðstæður. Þá kemur fram í 3. mgr. tilvitnaðrar 19. gr. að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi um starfsfólk Ríkisendurskoðunar. Af þessu má ráða að um embættið gildi ákvæði laga nr. 70/1996, eftir því sem við á, þ.m.t. um flutning milli starfa. Á það reyndi m.a. tvívegis á árinu 2018 þegar tveir starfsmenn ríkisskattstjóra voru færðir til Ríkisendurskoðunar á grundvelli flutningsákvæðis en þá samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996.

Ríkisendurskoðandi skal samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/2016 ráða starfsfólk til embættisins, sbr. 19. gr. laganna og velja einn úr hópi starfsfólks sem staðgengil sinn en forsætisnefnd skal staðfesta þá ákvörðun samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. skal staðgengill ríkisendurskoðanda taka við störfum ríkisendurskoðanda ef hann forfallast. Samkvæmt því er unnt að fela staðgengli ríkisendurskoðanda að taka við starfinu þar til forsætisnefnd undir forystu forseta Alþingis hefur gengið frá tillögu um nýjan einstakling til að gegna embættinu og kosning farið fram á Alþingi.

Samkvæmt framansögðu er það ósk mín að forseti Alþingis heimili fyrir sitt leyti flutning úr embætti ríkisendurskoðanda í embætti ráðuneytisstjóra menningarmála- og viðskiptaráðuneytis samkvæmt meginreglum um flutning milli starfa á grundvelli 2. mgr. 36. gr. laga nr. 70/1996. Ákvæði laga nr. 46/2016 eru ekki fyrirstaða.

Virðingarfyllst,

Skúli Eggert Þórðarson